



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

FRÉTTAPÓSTUR
Haust 2025 4. TBL.

Hjartað í HSU



Kraftmiklir haustmánuðir

Í þessu tölublaði Hjartans í HSU lítum við yfir einstaklega farsæla og kraftmikla haustmánuði – september, október og nóvember – þar sem markmið okkar um að veita aðgengilega, mannúðlega og örugga heilbrigðisþjónustu hefur skilað sér í verki.

Stærstu tíðindin í haust fólust í opnun Heilsugæslu Uppsveita í byrjun nóvember, sem markar mikilvægt skref í að efla þjónustu á víðfeðmu dreifbýlissvæði og bæta aðgengi fjölskyldna og aldraðra að faglegri heilsugæslu í heimabyggð. Heilsugæslan opnaði formlega 6. nóvember og er þessi áfangi skýr birtingarmynd stefnu HSU um að færa þjónustuna nær fólki og styrkja grunnstoðir heilsugæslunnar.

Einnig fjöllum við um öflugan tækjabúnað, aukna samvinnu við sveitarfélög, nýsköpunarverkefnið Leviosa, framfarir í mæðravernd, vinnu okkar með börnum og metnaðarfulla uppbyggingu mannauðs stofnunarinnar. Hér kynnast lesendur þeim fjölbreyttu verkefnum sem starfsfólk HSU vinnur af fagmennsku, metnaði og stolti í þágu íbúa umdæmisins.

Samræmd þjónusta og öflug uppbygging mannauðs

Samhliða opnun Heilsugæslu Uppsveita höfum við lagt aukna áherslu á samræmda þjónustu og ráðgjöf fyrir íbúa á öllu starfssvæði HSU. Íbúa- og samstarfsfundir hafa verið haldnir og hafa þeir reynst mikilvægur vettvangur til að hlusta á þarfir samfélagsins og ræða sameiginlegar lausnir að góðri heilsu.

Við höfum jafnframt styrkt starfsemi með fjölgun sérfræðinga og eftt þjónustu á mikilvægum sviðum. Má þar nefna nýjan yfirlækni á bráðamóttökunni á Selfossi, nýjan yfirlækni í Rangárþingi og aukna áherslu á að laða íslenska lækna heim. Við þurfum öflugan mannauð til að veita öfluga þjónustu og þessar viðbætur skipta miklu máli fyrir allt umdæmi okkar.

PISTILL FORSTJÓRA



Dána Óskarsdóttir

Tíð upplýsingamiðlun styrkir samfélag og starfsfólk

Heilbrigðisþjónusta byggist á trausti, þekkingu og opnum samskiptum. Þess vegna höfum við lagt áherslu á reglulega upplýsingamiðlun á vef okkar, samfélagsmiðlum og í tímaritinu Hjartanu, þar sem við tökum saman helstu fréttir hvers ársfjórðungs og kynnum verkefni, mannauð og þróun innan HSU.

Markmiðið er að gera þjónustuna skýrari og aðgengilegri, auka innsýn í starfið og styrkja fagmennsku og samvinnu. Góð og tímanleg upplýsingamiðlun er ekki aðeins kynning, hún er jafnframt hluti af þjónustunni sjálfri. Þegar að starfsfólk og íbúar eru vel upplýst um hvaðeina í starfseminni verður þjónustan betri, samstarfið nánara og upplifun skjólstæðinga jákvæðari.

Að lokum vil ég vil þakka starfsfólki, sveitarfélögum, velunnurum og íbúum fyrir frábært samstarf í haust og það mikla traust sem okkur er sýnt daglega. Saman byggjum við upp heilbrigðisþjónustu í umdæmi HSU eins og hún á að vera: faglega, hlýja og mannúðlega. ■

HSU vaktar Landsvirkjun við Vaðöldu

Í byrjun september gerðu Landsvirkjun og sjúkraflutningar HSU samkomulag um að tryggja bráðaviðbragð við virkjanaframkvæmdir við Vaðöldu, þar sem fyrsta vindorkuver landsins rís.

Samningurinn felur í sér að einn sjúkraflutningamaður verður á vakt á svæðinu á meðan framkvæmdir standa yfir til að tryggja skjót viðbrögð ef slys eða óvænt atvik koma upp.

Á myndinni eru Þorsteinn Hoffritz aðalvarðstjóri, Einar Tryggvason sjúkraflutningamaður og Hermann Marínó Maggýarson yfirmaður sjúkraflutninga hjá HSU. ■




Hjúkrunarfræðingur á bráðamóttökunni á Selfossi er sterkasta kona Íslands

Berglind Rós Bergsdóttir, hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku HSU á Selfossi, bar sigur úr býtum um titilinn sterkasta kona Íslands sem fram fór í nóvember.

„Stundum væri ég til í aðeins fleiri klukkutíma í sólarhringinn,“ segir Berglind sem er einstæð tveggja barna móðir, en bætir við að 13 ára reynsla í lyftingum hafi skilað henni þökkalegum grunnstyrk sem hún nýtir bæði á æfingum og í starfi.

Berglind Rós, sem er fædd austur á Héraði en býr á Selfossi, segir það koma sér mjög vel í sumum verkefnum í hjúkrunarstarfinu að hafa góðan líkamlegan styrk. „Sérstaklega á bráðamóttökunni þar sem maður er stundum fengin í að halda á móti þegar það þarf að toga í aflöguð beinbrot, koma fólki sem hefur dottið úr lið, aftur í lið eða lyfta fólki á milli rúma,“ segir Berglind Rós.

Styrkur HSU felst í mannauðnum, í orðsins fyllstu merkingu í þessu tilviki, og við óskum Berglindi til hamingju með nafnbótina! ■



Tímamót hjá Heilsugæslu Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita opnaði í nýju húsnæði hinn 5. nóvember 2025. Ópið hús var af þessu tilefni og var það vel sótt úr öllum sveitarfélögunum fjórum sem mynda uppsveitir Árnessýslu. Tíu ungum fulltrúum frá sveitarfélögunum fjórum var boðið á opnunina, sem táknmynd framtíðarnotenda heilsugæslu Uppsveita.

Nýtt húsnæði heilsugæslu Uppsveita er við Hrunamannaveg á Flúðum. Sveitungum og öðrum gestum var þennan dag boðið að ganga um nýja húsnæðið, tala við starfsfólk og kynna sér nýju aðstöðuna. Innan skamms mun Apótek Suðurlands opna við hlið heilsugæslunnar.

Langur aðdragandi hefur verið að þessum flutningum. Starfsfólk heilsugæslu Uppsveita tók virkan þátt í hönnun húsnæðisins með þjónustukosti, góða vinnuaðstöðu og öryggi skjólstæðinga að leiðarljósi.

Það er skemmst frá því að segja að samkvæmt þjónustukönnun sem HSU sendir út til skjólstæðinga mælist þjónustan sem Heilsugæsla Uppsveita veitir sínu fólki í hæstu hæðum. Slíkar niðurstöður eru starfsfólkinu og starfseminni ómetanlegur mælikvarði á hversu öflugt starfsfólkið er.

Heilsugæsla Uppsveita þjónustar allar uppsveitir Árnessýslu og myndar eitt víðfeðmasta þjónustusvæði sem starfsstöð á vegum HSU þekur. Þrír fastráðnir læknar eru á Heilsugæslu Uppsveita, þau Hafdís Sif Svavarsdóttir yfirlæknir, Jón Benediktsson og Rakel Lind Úlfhéðinsdóttir. Hjúkrunarstjóri er Jóhanna Valgeirsdóttir. ■





Ný íslensk lausn getur minnkað skráningarvinnu starfsfólks um allt að helming

Nýsköpun // Ný skjáborðslausn frá íslenska heilbrigðistækifyrirtækinu Leviosa hefur verið innleidd hjá bráðamóttöku HSU á Selfossi og til stendur að innleiða hana víðar hjá stofnuninni.

Bráðamóttaka Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi hefur innleitt skjáborðslausnina Leviosa frá samnefndu íslensku heilbrigðistækifyrirtæki, sem hefur meðal annars það markmið að bæta framleiðni og skilvirkni hjá heilbrigðisstofnunum með því að minnka tölvuvinnu starfsfólks til muna. Við spyrjum Davíð Þórisson, frumkvöðul og annan stofnanda nýsköpunarfyrirtækisins Leviosa, um málið, en hann er jafnframt sérfræðingur í bráðalækningum.

Meiri afköst á minni tíma

„Í einfölduðu máli teljum við okkur geta minnkað tölvuskráningarvinnu heilbrigðisstarfsfólks, hvort heldur klíníks eða ritara, um allt að 50 prósent. Það þýðir til dæmis að læknar geti klárað fleiri aðgerðir yfir daginn, haft meiri tíma fyrir sjúklinginn og hvílt sig inn á milli. Það fækkar að sama skapi mistökum og eykur gæði og skilvirkni þjónustunnar. Það er í grunninn það sem Leviosa er að gera,“ segir Davíð.

Hann segir Leviosa vera smíðað í kjölfarið á verkefni sem hann próaði á bráðamóttöku Landspítala að loknu sérnámi sínu árið 2013, sem var tiltölulega einfalt. „Það verkefni snerist um að endurnýja og nútímavæða skráningarglugga fyrir lækna sem áður hafði farið óheyrrilega mikill tími í. Ég sá að þörf væri á að minnka þann tíma sem fer í skráningarvinnu heilbrigðisstarfsfólks.“

Tæknin notuð til að fást við manneklu

„Ein stærsta áskorun heilbrigðiskerfisins á heimvísu í dag snýr að manneklu. Það vantar fleira heilbrigðisstarfsfólk. Þegar kemur að heilbrigðistækni þá sjáum við það í mjög takmörkuðum mæli að nútímalegar lausnir hafi verið innleiddar til að einfalda heilbrigðisstarfsfólki störf sín; að færri hendur geti valdið fleiri verkum. Þar sjáum við hjá Leviosa mikil tækifæri til að gera betur og veita heilbrigðisstarfsfólki þær tækninýjungar sem þau eiga skilið. Jákvæð áhrif munu einnig ná til þeirra sem nýta sér heilbrigðisþjónustu í formi styttri biðtíma, betri þjónustu og aukins gagnsæi í þjónustu.“

140 læknar hafa fjárfest í Leviosa

„Ég fékk fljótlega til liðs við mig Matthías Leifsson hagfræðing, en hann kemur með rekstrarvinkilinn að borðinu.



Davíð Þórisson, frumkvöðull og annar stofnandi nýsköpunarfyrirtækisins Leviosa.

Við enduðum á því að stofna fyrirtæki kringum þetta verkefni árið 2019, en förum í sjálfu sér ekki almennilega af stað með fyrirtækið fyrr en haustið 2022. Þá breyttist allt umhverfi okkar því áður höfðum við verið að keyra okkur áfram með styrkjum. Okkur hefur gengið vel frá þessum tíma að safna hlutafé og höfum farið gegnum þrjár fjármögnunarlotur með Leviosa. Um 140 læknar hafa fram til þessa fjárfest í fyrirtækinu.“

Notendavæn lausn

„Kollegar mínir hafa kynnst mörgum sjúkraskrárlausnum í sérnámi erlendis og hafa flestir fengið vonda upplifun



Starfsfólk Leviosa, sem er með höfuðstöðvar í Turninum í Kópavogi

af þeim. Þeir veðja því margir á Leviosa sem lausn er geti gjörbreytt vinnuumhverfi sem hefur alltof lengi verið svelt af upplýsingatækni. Þeir tengja strax við vandamálið, sem er sá sársauki er felst í því að þurfa að glíma við gömul tölvukerfi þegar biðstofan er full af sjúklingum og vaktin er ekkert nema hlaup til að koma þeim í farveg. Leviosa hefur vakið hjá þeim von með því að bjóða upp á notendavæna lausn sem leiðir til öruggara vinnulags, meiri nákvæmni og ekki síst aukinnar framleiðni í afar dýrum og vandasömum rekstri," segir Davíð.

Heildstæð sjúkraskrárlausn

„Markmið okkar er að þróa heildstæða sjúkraskrárlausn með áherslu á að sinna læknaðstofum. Leviosa er þannig komið í notkun hjá rúmum 10 heilbrigðisstofnunum í dag og fleiri að bætast í hópinn á komandi ári. Samhliða því erum við að undirbúa markaðssókn erlendis, þar sem markaðurinn er risavaxinn en ákaflega gamaldags og keyrður áfram af gömlum lausnum með mjög takmarkaða framþróun. Það hefur verið mikill skortur á aðkomu klíníks heilbrigðisstarfsfólks í þróun hugbúnaðar fyrir greinina. Í nákvæmlega þeirri staðreynd felst okkar samkeppnisforskot: að þróa nútímalega lausn með virkri þátttöku heilbrigðisstarfsfólks.“

Aðgengileg lausn í skýi

„Leviosa er í skýinu og keyrir í vafra og því hægt að opna kerfið á hvaða tölvu eða snjalltæki sem er, hvar sem notandi er staddur. Þetta eitt og sér gerir greiðfærar leiðir sem hafa verið torfærar áður, til dæmis skráningarvinnu við hlið sjúklings og vistun á myndum, meðal annars af útbrotum eða sárum, sem áður var flókið að gera með borðtölvu. Vafralausn opnar á nýja möguleika fyrir fjarvinnu, til að mynda gagnaskráningu heiman frá og að skjólstæðingar geti svarað

spurningalista fyrir og/eða eftir viðtöl læknis. Lausnin gerir sjúklingum þannig kleift að taka meira þátt í sínu sjúkraferli og heilbrigðiskerfisins almennt, enda er kerfið þróað af notendum þess. Leviosa gerir líka mögulega fjarráðgjöf bakvaktar fyrir næturvaktarlækni og fjarsímtöl við sjúklinga. Starfsfólk getur opnað skjáborð Leviosa hvar sem ef það er í netsambandi.“

Talsverð umbótaáhrif

Með innleiðingu Leviosa fær starfsfólk öflugt skjáborð með straumlínulagaðri yfirsýn á sjúklinga á deildum. Starfsfólk hefur samhliða aðgang að nútímalegu skráningarviðmóti Leviosa til að gera sjúkraskrárnótur og tengd atriði, til dæmis beiðnir, rannsóknarpantanir og lyfseðla, með mun meiri afköstum. Skjáborðið hefur nú verið í notkun í yfir 18 mánuði og hefur stórbætt flæði, samskipti og yfirsýn á bráðamóttöku HSU á Selfossi samkvæmt notendum þar, en um 100 notendur skrá sig inn í skjáborðið í hverjum mánuði. Nú stendur yfir innleiðing á öðrum deildum HSU sem skapar spennandi tækifæri til betrubóta á skjáborðinu og frekari framþróun í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk deildanna.

11 manna fyrirtæki

Við spyrjum Davíð nánar út í fyrirtækið á bak við Leviosa. „Við erum með 11 manna teymi að störfum í Turninum á Smáratorgi í Kópavogi. Veltan fram til þessa hefur verið takmörkuð, enda höfum við verið í þróunarfasa. Árið 2025 var í raun fyrsta árið sem Leviosa fór í almenna notkun en á næsta ári, 2026, verður aftur á móti breyting þar á, þar sem lausnin er tilbúin og fyrstu fasar og tilraunaverkefni að baki.

Leviosa er farið að keyra vel á nokkrum læknaðstofum

og komin góð reynsla á kerfið. Skjáborðið hefur reynst vel á bráðamóttöku HSU á Selfossi og fleiri spennandi tækifæri vonandi í boði þar til að þróast með starfseminni. Lausnin er því tilbúin til innleiðingar á stærri stofum í stærri rekstrareiningum. Við reiknum með að innleiða skjáborðið á fleiri deildum HSU og straumlínulaga enn frekar. Þar verður til að mynda Heimasítali HSU með sitt skjáborð."

Læknissonur í uppeldi um víða veröld

Við forvitnumst að endingu um bakgrunn Davíðs. Í ljós kemur að faðir Davíðs er fyrrverandi heimilislæknir á Hellu en hans sérnám og störf leiddu fjölskylduna víðs vegar hér heima og erlendis. Davíð fæddist þannig árið 1976 í Reykjavík, en er alinn upp í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Ísafirði og loks á Hellu. Hann fór í MR og þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands.

„Ég hafði alltaf mikinn áhuga á forritun og það var rosalega erfitt fyrir mig að velja á milli læknisfræði og tölvunarfræði. Á endanum valdi ég læknisfræði af því að ég sá fyrir mér að þannig myndi ég vinna meira með fólk en tölvur. Það hefur algjörlega snúið í höndunum á mér í dag."

Fjögurra barna faðir og eiginmaður lögmanns

Davíð er fjögurra barna faðir og eiginkona hans er Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður. „Við búum í Kópavoginum, en ég tók sérnámið mitt í Lundi, þannig að ég hef nokkuð djúpar rætur í Svíþjóð. Amma er bókasafnsfræðingur og þaðan hef ég dýrmæta en á köflum óþolandi skipulagsgen og Svíarnir kenndu mér sömuleiðis öguð vinnubrögð og nauðsyn þess að hafa allt í röð og reglu."

Jóga, náttúruhlaup og sjósund

Við spyrjum Davíð um lífið utan vinnu. „Ég hef mikinn áhuga á heilbrigðum lífsstíl t.d jóga, öndun og hugleiðslu. Vil helst vera úti í náttúrunni á göngu, hlaupum eða í köldum sjónum. Ég nýt mín hvergi betur heldur en í sjósundi langt frá landi, helst úti á rúmsjó! Ég hellti mér í þessar lífsstílsbreytingar af illri nauðsyn því frumkvöðlastarfið étur mann upp og það er auðvelt í því hlutverki að borða óhollt, sofa illa og þess háttar. Ég ákvað þess vegna tiltölulega snemma að það væri mikilvægt að hafa mótvægi gagnvart því til að halda heilsu."



Davíð rýnir í Levios-lausnina ásamt samstarfsfólki.

Töfrar í loftinu á bráðamóttökunni

„Ég heillaðist snemma af bráðamóttökunni og að geta mætt einstaklingum í bráðri þörf fyrir aðstoð. Í bráðalækningum er nefnilega hægt að gera svo mikið fyrir fólk. Það eru einhverjir töfrar í loftinu á bráðamóttökum og það getur myndast bæði dýpt og nánd í samskiptum við skjólstæðinga þar þrátt fyrir að flæðið sé hratt og tíminn oft skammur."

Bráðalæknar fást sömuleiðis talsvert við tól og tæki og það hefur mér alltaf þótt spennandi veröld. Ætli ómtækið sé ekki mitt uppháldstæki og yrði svo sannarlega fyrir valinu ef ég þyrfti að fara á eyðieyju sem læknir og mætti bara taka eitt tæki með mér þangað."

„Vinnan með Leviosa er mitt aðalstarf, en ég tek ennþá reglulega vaktir, bæði af því að ég hef mjög gaman af því – sem er auðvitað aðalatriðið – en það veitir mér jafnframt gríðarlega dýrmætt innsæi í starf klíníks starfsfólks í heilbrigðisgeiranum, sem nýtist ótrúlega vel hjá Leviosa. ■

Neyðarkallinn á HSU

Björgunarfélag Árborgar færði Heilbrigðisstofnun Suðurlands Neyðarkallinn 2025. HSU styrkir árlega björgunarsveitirnar með kaupum á Neyðarkallinum. Neyðarkallinn í ár er straumvatnsbjörgunarmaður, til minningar um björgunarsveitamann sem lést á björgunaræfingu í Tungufljóti í fyrra. Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU, tók við Neyðarkallinum fyrir hönd stofnunarinnar. ■



Lungnalæknir hjá HSU er einn höfundar greinar um rannsókn um öndun hjá astmasjúklingum

Björn Magnússon, sérfræðingur í lungnalækningum við Heilbrigðisstofnun Suðurlands, meðal höfundar greinar um rannsókn sem sýnir að mælingar á lífeðlisfræðilegum breytingum í öndun geti varpað nýju ljósi á meðferð astmasjúklinga.

Vísindagreinin birtist nýverið í *Physiological Reports* – virtu alþjóðlegu riti á sviði lífeðlisfræði og er samvinnuverkefni evrópsku lífeðlisfræðisamtakanna (*The Physiological Society*) og þeirra bandarísku (*The American Physiological Society*). Rannsóknin að baki greinarinnar sýnir að mælingar á lífeðlisfræðilegum breytingum í öndun geta varpað nýju ljósi á meðferð astmasjúklinga.

Greinin ber heitið *Assessing ventilatory efficiency at rest in asthma: A longitudinal comparison with healthy subjects*.

Meðal höfundar er Björn Magnússon, lungnalæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem segir um þátttökuna: „Ástæða þess að mér var boðin þátttaka er sú að frá 1981 til 1997 vann ég á á Reykjalundi við að koma þar upp þverfaglegri lungnaendurhæfingu sem gekk vel. Talverð vísindavinna var unnin í okkar þverfaglega hópi. Frá því ég hætti á Reykjalundi hef ég haldið sambandi við suma af mínum fyrri samstarfsmönnum og unnið lítillga rannsóknarvinnu með Mörtu Guðjónsdóttur líffræðingi og rannsóknarstjóra þar.

Hún hafði svo samband við mig fyrir tæpum 10 árum og bað mig um ráðgjöf í sambandi við meistaranámsritgerð Monique van Oosten sjúkrahjálfa en Marta var leiðbeinandi hennar. Afraksturinn varð svo ofangreind grein sem birtist í *Physiological Reports* í júlí síðastliðnum.”



*Björn Magnússon,
sérfræðingur í
lungnalækningum*

Rannsóknin hefur tekið töluverðan tíma enda um eftirfylgni með sjúklingum að ræða

Rannsóknin, sem leidd var af Monique van Oosten sjúkrahjálfa og Mörtu Guðjónsdóttur fylgdi 30 einstaklingum með óstöðugan astma og 23 heilbrigðum viðmiðunaraðilum í eitt ár. Þátttakendur fóru í endurteknar mælingar á ýmsum öndunarbreytum.

Áhugaverðar niðurstöður sem geta nýst í framtíðinni

Niðurstöðurnar sýna að astmasjúklingarnir höfðu aukið næmi öndunarmiðstöðva fyrir koldíoxíði miðað við heilbrigða einstaklinga, og þessi munur hélt áfram yfir allan rannsóknartímann. Slík mæling

er sjaldgæf í rannsóknum á astma, sérstaklega í langtímasamhengi.

Vonast er til að sumar af þeim breytum sem mældar voru í rannsókninni geti nýst í framtíðinni til að meta árangur meðferða eins og lungnaendurhæfingar, slökunar og öndunarkennslu.

Greinin er birt í samstarfsriti *The Physiological Society* í Evrópu og *The American Physiological Society* í Bandaríkjunum. Fyrir áhugasama er hægt að lesa greinina [hér](#) ■

Þau ætluðu bara að vera í 1 ár en hafa nú starfað á heilsugæslunni í Vík í 40 ár

Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigurgeir Már Jensson læknir líta til baka eftir fjóra áratugi á Heilsugæslunni í Vík.



Sigurgeir Már Jensson, yfirlæknir.

Það var árið 1985 sem hjónin Helga Þorbergsdóttir og Sigurgeir Már Jensson hófu störf á Heilsugæslunni í Vík. Upphaflega ætluðu þau að prófa starfið í eitt ár – en nú, 40 árum síðar, eru þau enn í héraðinu og starfið er enn fullt af nýjum áskorunum.

Við settumst niður með Helgu til að fara yfir starfsferilinn þeirra, breytingar á vinnustaðnum og reynsluna af því að vinna saman sem hjón.

Hvað kom til að þið hófuð störf á Vík fyrir 40 árum?

„Þegar Sigurgeir var að ljúka læknanámi var svokölluð héraðsskylda við líði. Í henni fólst að til þess að öðlast lækningaleyfi urðu læknar að starfa í dreifbýlishéraði í nokkra mánuði. Þetta var gert í tvennum tilgangi. Annars vegar og líklega aðallega til þess að manna dreifbýlishéruð og hins vegar að læknar fengju reynslu af slíku starfi. Sigurgeir hafði stefnt á sérgrein innan lyflækningasviðs en þegar hann tók héraðsskylduna á Dalvík fann hann að vinna við heilsugæslu höfðaði til hans.

Árið 1985 var svo auglýst eftir lækni og hjúkrunarfræðingi við Heilsugæslustöðina í Vík og við ákváðum að slá til og prófa í eitt ár. 40 árum seinna erum við enn að prófa og enn færir hver dagur áhugaverð viðfangsefni.“

Hvernig hefur vinnustaðurinn breyst á þessum árum?

„Þegar við fluttum til Víkur var rekstrafyrirkomulag heilsugæslustöðva þannig að hver stöð var sjálfstæð eining með skýrt landfræðilega afmarkað hérað og stjórn stöðvanna var skipuð af sveitarstjórnnum þeirra hreppa sem stöðin þjónaði. Stjórn og starfsmenn áttu beint samband við ráðuneyti heilbrigðismála um þætti sem sneru að rekstri stöðvanna. Heilsugæslustöðin í Vík þjónaði íbúum Mýrdalshrepps, gamla Austur-Eyjafjallahrepps og hefð var fyrir því að Álfhveringar sæktu þjónustu til Víkur.“

„Nú eru allar heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi frá Höfn til Þorlákshafnar sameinaðar undir merkjum HSu og framkvæmdastjórn sameinaðar stofnunar situr á Selfossi. Upptökusvæði læknishéraðsins er í stórum dráttum það sama, en það sem áður var rólegt sveitahérað með innan við 1000 íbúa er nú einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna, landið iðandi af mannlífi og líklega tugir þúsunda oft á tíðum á svæðinu. Það liggur í hlutarins eðli að álag eykst og útköllum fjölgar.“

„Lýðfræðilegir þættir hafa líka breyst með ört vaxandi ferðaþjónustu þannig að meirihluti íbúa í héraðinu er nú af erlendum uppruna. Aukin áhersla á forvarnir og bætt aðgengi að fleiri starfsstéttum innan heilsugæslunnar hefur styrkt starfsemina. Það var mikil framsýni hjá heilbrigðisyfirvöldum á áttunda áratug síðustu aldar að byggja upp heilsugæsluþjónustu um allt landið, með samfelli og öryggi þjónustunnar í huga. Að þessari uppbyggingu þarf að hlúa og hana að þróa í takt við þarfir íbúanna og nýjustu þekkingu.“



Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur.



Helga Þorbergsdóttir, hjúkrunarstjóri í Vík, Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á HSU og Sigurgeir Már Jensson, yfirlæknir í Vík. Myndina tók Harpa Elín Haraldsdóttir.

Hvernig er að vinna saman á sama vinnustað í svona langan tíma?

„Þessi ár í Vík hafa flogið hratt og við finnum afstæði tímans. Okkur finnst ekki svo langt síðan við höfum störf en á sama tíma höfum við lifað miklar breytingar og átt ótrúlega viðburðaríka starfsferla. Okkur lætur vel að vinna saman og við höfum átt því láni að fagna að fá úrvalsfólk til starfa með okkur. Að vera alltaf á vaktinni tilbúin að bregðast við hverju því sem upp kann að koma gerir starfið að lífsstíl að einhverju leyti. Í vinnunni erum við fagmenn og hamingjusöm hjón heima.“

Hvað hefur verið skemmtilegast við það að vera saman í vinnunni?

„Við njótum þess yfirleitt að vera í félagsskap hvors annars, við erum afar ólík, stöndum þétt saman en þó ekki í skugga hvors annars. Það er styrkur að því í vinnunni að þekkjast svo vel sem við gerum.“

Helga er auk þess að vera hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun í sjúkraflutningum.

„Við höfum oft fundið það t.d. í bráðum útköllum hversu gott er geta unnið hratt án margra orða og þekkja styrk hvors annars. Við eigum ómælt safn minninga margra afar ánægjulegra og oft húmorískra en við eigum líka margar minningar um hamfarir og mikla sorg, þá er gott að eiga tryggan sálufélaga í úrvinnslunni.“

Er eitthvað sem standur upp úr hjá ykkur eftir öll þessi ár á heilsugæslunni?

„Þakklæti er líklega það orð sem lýsir best tilfinningum okkar þega við lítum yfir árin okkar í héraðinu. Það hvar tekið einstaklega vel á móti okkur þegar við komum og hlýja og traust hafa einkennt samskipti.“

Hvað hefur haldið ykkur svona lengi í starfinu?

„Inntak starfa okkar, fólkið sem til okkar leitar og náttúran í allri sinni dýrð spila saman í þessari sinfóníu.“

Þess má einnig geta að Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarstjóri HSU í Vík í Mýrdal, var sæmd riddarakrossi á nýársdag 2024 fyrir framlag til heilbrigðisþjónustu og sveitarstjórnar- og félagsstarfa í heimabyggð og er vel að því komin. Þá er gaman að segja frá því að dóttir þeirra Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir er starfandi hjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni í Vík.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir Helgu og Sigurgeiri innilegar hamingjuóskir með þessi merku tímamót. Við þökkum þeim kærlega fyrir ómetanlegt starf og óeigingjarna þjónustu í þágu samfélagsins – og óskum þeim alls hins besta á komandi árum. ■

Nýr tölvusneiðmyndaskanni tekinn í noktun á HSU

Tækið, sem þegar er tekið í noktun, mun flýta fyrir daglegu starfi, einfalda rannsóknarferla og bæta upplifun sjúklinga

Nýtt tölvusneiðmyndataeki (CT) hefur verið tekið í notkun á röntgendeild HSU. Nýja tækið er af gerðinni GE Revolution Ascend sem er háþróaður skanni sem einfaldar vinnuflæði, bætir myndgæði og dregur úr geislun.

Með tilkomu nýja skannans er hægt að ná betri myndgæðum með minni hávaða, hraðari og nákvæmari skönnun. Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir, deildarstjóri á röntgendeild, segir að tækið reynist vel.

„Starfsfólk myndgreiningardeilda er mjög ánægt með tækið. Það er gott að læra á það, notendavænt og allar keyrslur eru að taka styttri tíma en á gamla tækinu, sem er mjög mikilvægt fyrir okkur, sérstaklega þar sem hingað koma inn alls konar slys og jafnvel hópslys, sem erfitt hefur

verið að sinna á stuttum tíma þar sem gamla tækið þurfti tíma til að kæla sig niður eftir stórar rannsóknir.“

Tækið býður upp á sjálfvirkar stillingar og hraðari skönnun sem gerir starfsfólki kleift að afla hágæða mynda á stuttum tíma, jafnvel við krefjandi klínískar aðstæður. Tölvusneiðmyndartækið er þróað með því markmiði að bæta þægindi sjúklinga, en tækið er hljóðlætt og bæði hringurinn og borðið sem sjúklingar liggja á hafa stækkað töluvert. Sú hönnun tryggir aukin þægindi á meðan skönnun stendur.

Auk ofangreindra atriða býður tækið upp á betra aðgengi fyrir starfsfólk. Það notar 3D myndavél til að staðsetja skjólstæðinga á rannsóknarbekk sem stýttir innstillingartíma fyrir myndgreiningarrannsókn. Tækið les skönnunarstillingar út frá upplýsingum um sjúkling sem tryggir samræmi auk þess sem lægri geislaskammtar bæta myndgæði fyrir hvern einstakling. Þessir eiginleikar gera framkvæmd rannsókna betri og veitir nákvæmnari vinnslu allra myndgreininga. ■



Guðrún Óskarsdóttir Andreasen og Guðlaug Arna Hannesdóttir geislafræðingar á röntgendeild við nýja tækið.

Vel heppnaðir Stjórnendadagar á Selfossi

Þetta er fimmta árið í röð sem stjórnendur deilda frá öllum starfstöðvum HSU koma saman á Stjórnendadögum.

Yfir fjörutíu stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands komu saman í október á árlegri vinnustofu sem ber yfirheitið Stjórnendadagar. Lykilþema Stjórnendadaga í ár var stefnumótun, fjármál og mannauður og erindin lituð af þeim.

Forstjóri HSU, Díana Óskarsdóttir, kynnti framtíðarstefnu HSU til ársins 2030 og út frá henni hófst stefnumótunarvinna meðal stjórnenda í litlum hópum. Afbragðs góðar umræður sköpuðust og fullt af tækifærum litu dagsins ljós sem unnið verður áfram með. Jafnframt verður horft til hugmynda starfsfólks og hagaðila stofnunarinnar sem skipta sköpum í áframhaldandi mótun stefnunnar.

Margrét Björk Svavarsdóttir, fjármálastjóri, fór yfir rekstrarmál og kynnti þau verkfæri sem eru til. Thelma Gunnarsdóttir yfirsálfræðingur kynnti fyrir hópnum nýtt fyrirkomulag í sálfræðiþjónustu og sagði frá spennandi fjögurra ára samstarfsverkefni milli HSN, HVE og HSU.

Stjórnendur fengu líka fyrirlestur frá Mental um geðheilbrigði á vinnustað, ásamt öðrum erindum og að lokum var farið í heimsókn á Móberg.

Á þessum dögum myndast gullin tækifæri til umbóta þvert á stofnunina og sú samvinna sem myndast ýtir enn frekar undir tengsl milli deilda, stjórnenda og starfsstöðva. ■



Hluti af stjórnendum HSU ásamt Magnúsi Hlyn eftir skoðunarferð um Miðbæinn.

Skrifað undir samning um „Gott að eldast“ í Hveragerði

Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Hveragerðisbær hafa gert samning við Ás hjúkrunarheimili um samþætta heimaþjónustu við íbúa í Hveragerði.

Verkefnið er tilraunaverkefni sem að byggist á aðgerðaráætlun Gott að eldast sem er samstarfsverkefni milli Félags- og húsnæðismálaráðuneytis og Heilbrigðisráðuneytis. Ás mun þannig sinna heimahjúkrun og félagslegum heimaþjónungi við íbúa Hveragerðisbæjar 60 ára og eldri sem sækja um og fá samþykktu slíka þjónustu. Áður hefur í Ási verið starfrækt dagdvöl ásamt því að þaðan hafa íbúar Hveragerðisbæjar, sem óskað hafa eftir, fengið mat sendan heim.

Díana Óskarsdóttir segir um samstarfið;

„Með þessum samningi erum við að stíga stórt skref í þjónustu við eldri borgara í Hveragerði. Við erum að brjóta niður múra milli heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu með heildstæða sýn á þarfir hvers og eins þjónustuþega. Við vitum að innleiðing á nýju kerfi hefur í för með sér áskoranir en umfram allt er þetta spennandi tækifæri til að gera enn betur.“

Hún bætir við;

„Ég hef mikla trú á að þessi vegferð sem nú er hafin verði farsæl því með auknu samstarfi erum við betur í stakk búin að veita betri heildstæða þjónustu og þar með að

hlúa að auknum lífsgæðum fyrir íbúa okkar. Því í grunninn viljum við öll njóta efri áranna sem best með öryggi, reisn og góðum stuðningi.“

Elísabet Rán Óskarsdóttir, verkefnastjóri á HSU hefur leitt verkefnið áfram hjá stofnuninni síðastliðið ár og hefur um ferlið að segja;

„Þetta ár hefur verið bæði ánægjulegt og lærdómsríkt. Það hefur verið mikill heiður að fá tækifæri til að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni og leggja mitt af mörkum við að móta heildstæðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk. Það verður svo sannarlega gott að eldast í Hveragerði“ ■



Gestir fögnuðu áfanganum með ljúffengum veitingum á Dvalarheimilinu Ás.



Berglind Rós Ragnarsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslunnar í Hveragerði og Elísabet Rán Óskarsdóttir, verkefnastjóri á HSU.



Skrifað undir saminginn. Myndina tók Kjartan Örn Júlíusson. Á myndinni eru Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU, Karl Óttar Einarsson, forstjóri Grundarheimilanna og Pétur Georg Markan, bæjarstjóri Hveragerðis

Heilbrigðisráðherra tryggir öryggi íbúa og ferðamanna í Öræfum með áframhaldandi bráðaviðbragði

Alma D. Möller heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að ráðast í frekari uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu og bráðaviðbragði í Öræfum með það að markmiði að tryggja öryggi íbúa og vegfarenda allt árið um kring. Starfshópur verður skipaður til að móta framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar, og hefur hann það hlutverk að skila tillögum til ráðherra.

Jafnframt ákvað ráðherra að framlengja fyrirkomulag bráðaviðbragðs í Öræfum til loka árs 2025. Sú ákvörðun byggði meðal annars á sameiginlegu mati forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og sveitarstjórnar Hornafjarðar, sem voru sammála um mikilvægi þess að tryggja viðbragðsgetu á svæðinu.

Þó að ferðamannafjöldi nái hámarki yfir sumarmánuðina hefur reynslan sýnt að mesta álag vegna alvarlegra útkalla er yfir vetrarmánuðina, sérstaklega frá desember til mars.

„Ég tel brýnt að ráðast í þetta verkefni og tryggja þannig aukið öryggi bæði íbúa og ferðafólks á þessu strjálbýla en fjölfarna svæði,“ segir Alma D. Möller. Þá hyggst ráðherra einnig ræða við innviðaráðuneytið um aðgerðir til að bæta umferðaröryggi á svæðinu og kanna möguleika á uppbyggingu viðurkennds sjúkrflugvallar.

Síðastliðin tvö sumur hefur verið rekið sérstakt bráðaviðbragð í Öræfasveit, sem byggir á viðveru sjúkrabíls og reynds sjúkraflutningamanns í samvinnu við björgunarsveitina Kára í Öræfum. Að beiðni ráðherra skipulagði HSU slíkt viðbragð einnig fyrir sumarið 2025. Markmiðið var að tryggja skjót viðbrögð við slysum, bráðaveikindum og öðrum neyðartilfellum, veita fyrstu hjálp og undirbúa flutning á sjúkrastofnun ef með þarf.

Svæðið milli Kirkjubæjarklausturs og Hafnar spannar um 200 kílómetra og því getur heilbrigðisþjónusta verið torfengin ef engin staðbundin viðvera er fyrir hendi. Það er samdóma mat heilbrigðisráðuneytisins og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að nauðsynlegt sé að styrkja samþætt og staðbundið bráða- og heilsugæsluviðbragð á svæðinu allt árið um kring.



Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra.

Starfshópurinn mun leggja fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi þjónustunnar með áherslu á öryggi íbúa og vegfarenda, skýra verkaskiptingu og skilvirkni í viðbrögðum.

Góð mönnun heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi síðastliðið sumar

Mönnun heilbrigðisþjónustu í dreifðum byggðum á Suðurlandi gekk mjög vel í sumar. Á Höfn var tveggja lækna viðvera tryggð allt sumarið. Í Rangárþingi voru jafnan tveir til þrír læknar við störf alla virka daga og á heilsugæslunni í Laugarási voru tveir læknar starfandi yfir allt sumarið. Þá var staðan einnig góð í Vestmannaeyjum, þar sem þrír til fjórir læknar voru á vakt yfir hásumarið.

„Að efla heilbrigðisþjónustu þar sem þörfin er mest, sérstaklega á álagstímum sumarsins, var eitt af okkar helstu markmiðum. Samvinna við björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila skipti þar lykilmáli til að tryggja skjót og örugg viðbrögð þegar á reynir. Við erum mjög ánægð með hversu vel tókst til við að manna lykilsvæði og þannig stuðla að auknu öryggi bæði heimafélks og gesta,“ segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU. ■

Niðurstöður þjónustukönnunar endurspeгла að þjónustu þegar telja viðmót og framkomu starfsfólks framúrskarandi



Síðastliðið sumar tók fjármála- og efnahagsráðuneytið ákvörðun um að skipta um þjónustuaðila á þjónustukönnun ríkisstofnana og er hún nú hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Mælaborðin hafa því breyst og gefa Heilbrigðisstofnun Suðurlands enn betra tækifæri til að rýna í niðurstöðurnar með það að markmiði að gera reglulegar umbætur.


Á meðfylgjandi myndum má sjá samantekt fyrir síðari sex mánuði ársins.

Á fyrri myndinni má sjá heildaránægju þjónustuþega síðari sex mánuði ársins 2025, frá júlí til desember. Seinni myndin endurspeglar afstöðu þjónustuþega til viðmóts og framkomu starfsfólks.

Samtals hafa borist 6.474 borist svör frá öllum 10 starfsstöðvum stofnunarinnar.

Niðurstöður þjónustukönnunar endurspeгла að þjónustu þegar telja viðmót og framkomu starfsfólks framúrskarandi.





Símanúmerið 1700 og netspjall á heilsuvera.is

Í ágúst bættust einnig við spurningar um nýtingu símanúmersins 1700 og netspjallið á heilsuvera.is. Ef við setjum þessi gögn upp í fjöldataölur má sjá til dæmis að á Selfossi höfðu 1.200 einstaklingar svarað könnuninni í júlí og ágúst og þar af 61% nýtt sér á einhverjum tímapunkti þjónustu 1700-símans. Það gerir 732 einstaklinga.

Opnu svörin bjóða upp á tækifæri til úrbóta en algengasta ábendingin er að of löng bið sé eftir lækni. Þá eru líka mörg önnur gagnleg svör sem hægt er að nýta til að auka skilvirkni og bæta þjónustu innan HSU. Öll svör eru yfirfarin og tekin til greina hjá stjórnendum hverra starfsstöðva og eininga innan þeirra og leggja þeir sig fram við að vinna úr þeim.

Dæmi um opin svör

- Mér finnst allir sem vinna á heilsugæslunni í Vestmannaeyjum alveg sérstaklega almennilegir og hjálplegir. Þau eiga hrós skilið sérstaklega þar sem að það er oft mjög mikið að gera en alltaf eru þau hlýleg
- Samdægurstímar mikil framför í stað þess að senda alla á bráðavakt sem þurfa að fá lækningu sem fyrst.
- Algjörlega til fyrirmyndar. Aldrei fengið jafn gott viðmót á bráðamóttöku, læknirinn var svo athugul og bæði hjúkrunarfræðingarnir og sjúkraliðinn svo almennilegir. Takk fyrir mig.
- Sérstaklega athugull og góður læknir í Vík núna. Og ritarinn sem er sumarstarfsmaður einstaklega ábyrg og þægileg í sínu starfi.
- Frábær þjónusta. Starfsfólkið mjög vingjarnlegt í Rangárþingi
- Frábær þjónusta í ungbarnaeftirliti og mæðravernd í Laugarási. Einnig gott að geta fengið samdægurs tíma hjá lækni ef á þarf að halda, það hefur gengið vel að fá þá tíma þegar þess þarf.
- Frábært starfsfólkið á Heilsugæslustöðinni á Höfn. ■

Milou fósturhjartsláttarkerfið komið til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur nú tekið við Milou hugbúnaðinum, sem er gjöf frá Kvenfélagssambandi Íslands til allra fæðingarstaða landsins. Milou er rafrænt og nettengt fósturhjartsláttarkerfi sem býður upp á miðlæga skráningu og greiningu á hjartsláttarriti fósturs, og markar stórt tækniskref í fæðingarþjónustu landsbyggðarinnar.

HSU í Vestmannaeyjum var fyrst til að taka við búnaðinum af starfsstöðvum HSU. "Sú afhending undirstríkar markmið búnaðarins sem er að gefa verðandi mæðrum og stækkandi fjölskyldum kleift að vera eins mikið heima hjá sér og unnt er á þessum síðustu metrum meðgöngunnar, og sparar þeim þar með tíð og gjarnan kostnaðarsöm ferðalög ef hægt er að komast hjá því" segir Björk Steindórsdóttir yfirljósmóðir á HSU.

Að sögn Bjarkar hefur kerfið verið í þróun í fimm ár og er innleiðing þess mikilvægur áfangi. Með Milou geta ljósmæður á landsbyggðinni tengst rafrænt við sérfræðinga á Landspítalanum, leitað álits og deilt gögnum á öruggan og skilvirkan hátt. Þetta eykur öryggi fyrir konur, starfsfólk og ekki síst fyrir ljósmæður sem starfa sumar einar á landsbyggðinni.

„Við sem störfum á landsbyggðinni sjáum fram á aukinn faglegan stuðning og betri þjónustu fyrir fjölskyldur,“ segir Björk. Kerfið gerir kleift að varpa hjartsláttarritum á miðlægan skjá, t.d. í vaktherbergi, og skoða þau á tölvuskjám. Rafræn vistun gagna tryggir betri öryggi og

endingargildi en áður, og kerfið býður upp á kerfisbundna flokkun og greiningu. Þar sem Milou er nettengt geta fæðingarstaðir deilt ritum sín á milli og veitt gagnkvæma ráðgjöf.



Björk Steindórsdóttir yfirljósmóðir fyrir miðju, ásamt Dagmar Elínu Sigurðardóttur forseta Kvenfélagssambands Íslands til vinstri og Elínborgu Sigurðardóttur sem fór fyrir afmælisnefnd

"Samhliða þessari innleiðingu hefur Höfn einnig fengið afhendan heyrnamæli og gulumæli sem er ungbarnavernd á svæðinu ómetanleg viðbót í þeirra starfi." segir Björk.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands þakkar Kvenfélagi Íslands og öllum þeim konum sem stóðu að söfnuninni kærlega fyrir rausnarlega gjöf sem mun ekki bara nýtast í starfsemi HSU heldur bætir þjónustu og öryggi íbúa á Suðurlandi. ■



„Það er svo gefandi að fylgja fólki eftir og sjá því batna“

Íris Óskarsdóttir er nýútskrifaður heimilislæknir sem starfar á heilsugæslunni á Selfossi. Hún lauk nýlega sérnámi í heimilislækningum og segir starfið bæði fjölbreytt og gefandi, þar sem engir tveir dagar eru eins.

Hún segir fjölbreytnina og tengslin við sjúklinga vera það sem heillar mest við fagið. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á forvarnavinnu og því að geta brugðist snemma við sjúkdómum“ segir hún sem reynir að fylgja eigin ráðleggingum. Íris mætir í ræktina allt að fimm sinnum í viku til að lyfta lóðum og hugsar vel um mataræðið. Hún er einnig læknir í heilsu og lífstílsverkefninu Krafmiklir krakkar á heilsugæslunni.

Íris er frá Selfossi og fæddist á fæðingardeildinni þar. Hún vissi alltaf að hún ætlaði að verða læknir og segir námið og starfsreynsluna á Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafa verið afar jákvæða. „Það er mjög gaman að vinna á HSU. Starfið er fjölbreytt, samstarfsfólkið frábært og handleiðslan góð,“ segir hún. Helstu áskoranir í starfi heimilislækna snýr að álagi að mati Írisar, mikil tímapressa og of mikil pappírsvinna ofan í faliðað teymi heimilislækna.

Stefnan var að fara í lyflækningar, en hún sá fljótt að það væri skemmtilegra að vera heimilislæknir eftir að hafa unnið á HSU sem nemi og þá var ekki aftur snúið. „Það er svo gefandi að kynnast heilu fjölskyldunum og fylgja fólki eftir í gegnum lífið — sjá því batna eða halda krónískum sjúkdómum í jafnvægi sem lengst.“

Íris lýsir vinnunni á HSU sem einstaklega ánægjulegri og nýtur sín í starfi á heilsugæslunni „það er góður andi hér, gott fólk og fjölbreytt verkefni. Þetta er virkilega gott starfsumhverfi.“ ■



Nýr yfirlæknir í Rangárþingi



Bjarni Valtýsson hefur verið ráðinn sem yfirlæknir í Rangárþingi og hóf störf 1. september. Undanfarin ár hefur hann starfað reglulega á heilsugæslunni í Rangárþingi sem heilsugæslulæknir. Við bjóðum Bjarna hjartanlega velkominn í okkar lið. ■

Nýr yfirlæknir á bráðamóttökunni á Selfossi



Andri Jón Heide hefur verið ráðinn til árs sem yfirlæknir á bráðamóttökunni á Selfossi. Við óskum honum til hamingju og velfarnaðar í nýju hlutverki. ■

Samræmd þjónusta á HSU

Í byrjun árs 2023 var sótt um styrk fyrir verkefninu „Notkun Erkitýpu - sjúklingi til greiningar á stöðu bráðþjónustu á Suðurlandi“. Tilgangur verkefnisins er að samræma þjónustu þvert á stofnunina.

Verkefnið snéri að því að semja lýsingar á 10 erkitýpu sjúklingum sem lýsa lykilþáttum í þjónustubörf einstaklinga sem leita til þjónustu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Gætt var að því að litið væri til fjölbreyttra þátta þar með barna og fullorðinna, líkamlegra og geðrænna kvilla ásamt veikindum og slysum.

Verkefnahópur með fulltrúum frá nokkrum starfsstöðum stofnunarinnar fór yfir erkitýpunar og skráði niður hvernig hver og einn færi skref fyrir skref í gegnum þjónustuna á mismunandi tímum sólarhrings fyrir allar starfsstöðvar.

Markmið verkefnisins var að greina styrkleika og áskoranir við veitingu þjónustu á þjónustuvæði HSU, allt frá Hellsisheiði í vestri til Hafnar í austri. Niðurstöðurnar voru nýttar til að vinna umbætur á þjónustustýringunni og flæði notenda þannig að hægt sé að tryggja öryggi, hagkvæmni og jafnræði.

Dæmi um verklög, leiðbeiningar, námskeið eða innleiðingar á nýjum verkfærum sem voru unnin í kjölfar verkefnisins:

Verklag um viðbrögð við ofbeldi eða ógnandi hegðun, innleiðing á rafrænum öryggishnökkum fyrir starfsfólk, verklag fyrir aðstæður þegar sjúklingur kemur með brjóstverk eða einkenni frá brjóstakassa á heilsugæslu þar sem ekki er starfandi bráðamóttaka, námskeið fyrir starfsfólk um mat á sjálfsvígisáætlu þjónustubega og leiðbeiningar um hvert skal leita eftir upplýsingum um áfallahjálþ ásamt verklagsreglum um ferlið þegar skyndilegt andlát á sér stað inni á stofnuninni.

Sömuleiðis urði til leiðbeiningar um viðrunarfundi fyrir starfsfólk til að styðja við það eftir erfiðar upptakomur eða krefjandi aðstæður í starfinu, verklagsreglur um Nauðungarvistun - sjálfræðissviptingu og svo var innleiddur þjarkur (e.robot) sem tekur við upplýsingum um erlenda ferðamenn frá móttökunni og sendir gögnin sjálfkrafa til Sjúkratrygginga Íslands sem sér um innheimtu. Þjarkurinn fékk nafnið Eldborg.



Þá urðu einnig til leiðbeiningar um skráningu í afgreiðslukerfi Sögu fyrir starfsfólk utan hefðbundins opnunartíma, innleiðing á appinu „Care to translate“ til að einfalda samskipti við erlenda sjúklinga og útkallslistar og aðrir tengiliðalistar með yfirliti yfir viðbragðsstjórn starfsfólks HSU þegar upp koma stór slys, náttúruvá eða annað sambærilegt þegar virkja þarf hópslysaáætlun

Verklögin og leiðbeiningar eru yfirfarnar á nokkurra mánaða fresti og eru aðgengilegar í gæðahandbók stofnunarinnar sem starfsfólk hefur aðgang að.

Með innleiðingu á betra verklagi og fjölgun gæðaskjala er markmiðið að stuðla að aukinni skilvirkni, samræmi og gæðum í starfsemi stofnunarinnar. Skýr og aðgengileg skjöl veita starfsfólki stuðning í daglegu starfi og tryggja að verklag sé í samræmi við viðurkenndar kröfur og markmið. ■

Vignir kynnir Kraftmikla krakka á Heilbrigðisþingi

Vignir Sigurðsson, barnalæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), kynnti á Heilbrigðisþingi verkefnið Kraftmikla krakka, lífstílsmóttöku fyrir börn með offitu og foreldra þeirra.

Á HSU leiðir Vignir teymi hjúkrunarfræðinga og lækna sem hefur þróað verkefnið Kraftmiklir Krakkar, þar sem lögð er áhersla á þverfaglega lífstílsmeðferð og stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Rannsóknarhluta verkefnisins er nú lokið og von er á frekari niðurstöðum á næstu mánuðum. Innleiðing verklagsins og áframhaldandi lífstílsmeðferð eru þegar hafin á heilsugæslum HSU.

Offita og fylgisjúkdómar hjá börnum eru brýnt verkefni í heilbrigðiskerfinu. Tíðnin hefur aukist á undanförunum áratugum og því sé ljóst að fleiri þurfi að koma að þjónustu fyrir börn með offitu og fjölskyldur þeirra, segir Vignir aðspurður um mikilvægi þess að kynna verkefni á þessum vettvangi.



Viðtökurnar á þinginu voru afar jákvæðar og fékk verkefnið góðan hljómgrunn. Vignir segir að allir hafi verið sammála um mikilvægi þess að tryggja börnum bestu mögulegu heilsu og að verkefni á borð við Kraftmikla Krakka séu mikilvægur liður í því að efla heilsu barna til framtíðar. ■

Fjölbreytni og handverk heilla í Hveragerði

Dröfn Hilmarsdóttir er heimilislæknir á heilsugæslunni í Hveragerði. Hún segist alltaf hafa haft breitt áhugasvið innan læknisfræðinnar og var því alltaf opin fyrir heimilislækningum.

Kandíðatsárið tók hún í Svendborg í Danmörku og var því skipt upp í tvennt. Sex mánuði vann hún á bæklunardeild og sex mánuði á heilsugæslustöð.

„Handverkið á bæklunardeildinni þótti mér einstaklega skemmtilegt, eins og að sauma skurði og rétta brotin bein“ segir Dröfn og bætir við, „en í heimilislækningum þótti mér fjölbreytnin frábær og góð tilfinning að geta fylgt málum eftir, sem er ekki eins auðvelt í spítalastörfum.“

Í Danmörku bjó Dröfn með manni sínum í tíu ár og eru eldri börnin hennar tvö fædd og uppalin þar. Eftir flutninga heim til Íslands og aftur á heimaslóðir á Selfoss fékk hún starf á lyflækningadeild og bráðamóttöku HSU. Fljótlega bauðst henni að sækja um fyrstu sérnámslæknastöðuna í heimilislækningum á heilsugæslunni í Hveragerði. Eftir það var ekki aftur snúið.

Heimilislækningum fylgir líka pappírsvinna eins og vottorðaskrif, sem Dröfn þykir vera áskorun í starfinu. „Aukin pappírsvinna tekur frá okkur dýrmætan tíma, sem mætti betur fara í læknisfræði,“ segir heimilislæknirinn sem vill heldur eyða tíma á gólfi með sjúklingum sínum í Hveragerði.



„Ég vonast til að starfa í mörg ár í viðbót á heilsugæslunni í Hveragerði. Mér leiðist aldrei í vinnunni,“ segir Dröfn sem segist reglulega sinna einföldu handverki líkt og heillaði hana við bæklunardeildina. ■

Vel heppnuð vinnustofa hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á heilsugæslu HSU á Selfossi

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar heilsugæslunnar á Selfossi tóku þátt í vinnustofu í lok nóvember þar sem meginmarkmiðið var að brjóta upp hefðbundin vinnudag og vinna sameiginlega að lausnum til að bæta þjónustu, efla starfsánægju og draga úr álagi í starfi.

Gæðateymi HSU stýrði vinnustofunni sem einkenndist af jákvæðni og öflugri þátttöku og var bersýnilegt hversu sterkur og samheldinn hópurinn er. Fyrsta umbótaverkefni vinnustofunnar var strax afgreitt næsta morgun þegar ný brauðrist var sett á kaffistofu starfsfólksins – táknað og umsvifalaus byrjun á víðtækara umbótastarfi sem unnið verður áfram af gæðateymi, stjórnendum og starfsfólki.

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar heilsugæslunnar á Selfossi sinna daglegri móttöku skjólstæðinga, bráða- og slysþjónustu, vaktþjónustu, skólaheilsugæslu, heimahjúkrun, mæðra- og ungbarnevernd, hjúkrunar- og sálfræðiþjónustu ásamt hjúkrunarþjónustu á Litla-Hrauni. ■



Fjölsóttur íbúafundur í Rangárþingi

Hinn 5. nóvember var haldinn íbúafundur í Rangárþingi í samstarfi við Ásahrepp og Rangárþing eystra og ytra undir yfirskriftinni „Samstíga að góðri heilsu“.

Markmið fundarins var að ná samtali með það fyrir augum að byggja upp sameiginlega framtíðarsýn með heilsu og vellíðan að leiðarljósi.

Anton Kári Halldórsson sá um fundarstjórn.

Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU, hóf fundinn á kynningu á stofnuninni með sérstaka áherslu á heilsugæsluna í Rangárþingi. Hún fór meðal annars yfir niðurstöður þjónustukönnunar ríkisins þar sem heilsugæslan í Rangárþingi fær frábæra einkunn frá þjónustugegum sínum eða 4,7 af 5 mögulegum.

Á fundinum urðu líflegar og uppbyggilegar umræður um læknamönnun, aukið samstarf við sveitarfélög, heilsuefingu íbúa og þróun heilsugæslu. Einnig var rætt um skipulag þjónustu og tækifæri til aukinnar nýsköpunar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands þakkar öllum sem mættu á fundinn kærlega fyrir þátttökuna og framlag sitt til málefnalegar umræðu. ■



Kiwanisklúbburinn Ölver styrkir bráðamóttöku HSU

Bráðamóttaka HSU á Selfossi hlaut á dögunum styrk frá Kiwanisklúbbnum Ölver í Þorlákshöfn. Kiwanismenn styrktu deildina um 8 spjaldtölvur. Þessi styrkur mun nýtast vel fyrir skjólstæðinga bráðamóttökunnar og bráðalyflækningadeildar þar sem sjúklingar geta þurft að liggja lengur en áætlað er.

Kiwanisklúbbnum Ölver er þakkað kærlega fyrir þennan rausnarlega styrk. Á myndinni er Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku og bráðalyflækningadeildar, sem tekur á móti styrknum frá Birni Þór Gunnarssyni, varaforseta Kiwanisklúbbsins Ölver. ■



Elvis heimsækir Móberg

Vinafélag hjúkrunardeilda HSU bauð upp á Elvis Presley-tónleika í nóvember á hjúkrunarheimilinu Móbergi þar sem tónlistarmaður í gervi kóngsins kom í heimsókn að kvöldlagi og skemmti heimilisfólki, aðstandendum og starfsfólki.

„Heimilisfólk tók rosalega vel í þetta og þau skemmtu sér öll konunglega. Það finnst öllum gaman að koma saman, hlusta á tónlist og fá sér léttar veitingar,“ segir Ásta Tryggvadóttir deildarstjóri á Móbergi um Elvis-kvöldið.

Það vantar ekki félagslíf á hjúkrunardeildunum Foss- og Ljósheimum og Móbergi þar sem haldið var réttarball í september. Í október var síðan skemmtun með Hjördísi Geirsdóttur og Elvis-kvöldið í nóvember. Í augnablikinu stendur yfir undirbúningur fyrir jólaball, sem verður auglýst í desember. ■





// MANNAUÐSRAMMI //

Baldvin Svafar Guðlaugsson starfar við sjúkraflutninga hjá heilsugæslu HSU á Höfn í Hornafirði. Baldvin er hluti af öflugu teymi sjúkraflutningafólks í umdæmi HSU, sem er það stærsta í landinu.

Uppruninn?

„Ég er fæddur í Reykjavík en uppalinn á Höfn og bjó þar fyrstu 19 árin. Fór þá í skóla til Reykjavíkur og var þar í 7 ár. Flutti síðan til Danmerkur og var þar í 10 ár. Kom svo heim á Höfn aftur árið 2012 með unga fjölskyldu, en eiginkona mín, Elín Freyja Hauksdóttir, er yfirlæknir hérna á heilsugæslunni.

Fyrri störf?

„Áður en ég byrjaði í sjúkraflutningunum á Höfn, þá var ég til dæmis að vinna í frystihúsinu, hjá RARIK og svo sem rakari hérna í bænum, en ég er lærður hárskeri. Ég hef starfað við sjúkraflutninga frá árinu 2016 og er lærður í faginu.”

Af hverju sjúkraflutningar?

„Ég var í unglingadeild björgunarsveitarinnar og svo í björgunarsveitinni þannig að eitt leiddi smávegis af öðru. En ég hef líka bara alltaf haft áhuga á öllu sem viðkemur björgun.”

Best við vinnustaðinn?

„Það besta við vinnustaðinn eru frábærir vinnufélagar og einstök samvinna fólksins þar. Ég held barasta að ég sé í draumastarfinu!”

Lífið eftir vinnu?

„Við Elín Freyja eigum tvo syni, Daníel Hauk 17 ára og Aron Elí 11 ára. Fjölskyldan á líka hundinn Jöklu. Áhugamálin eru útivera og hreyfing. Þar mætti til dæmis nefna gönguskíði, fjallaskíði kækjaka, rafmagnsreiðhjól, gönguferðir bæði hér heima og erlendis, vélsleðaferðir og skotveiði. Umfram allt verður maður aldrei of gamall til að leika sér!” ■



// MANNAUÐSRAMMI //

Lára Skæringsdóttir er ekki bara hárgreiðslumeistari á Hraunbúðum heldur er hún líka lærður grunnskólakennari og jógakennari. Hraunbúðir er hjúkrunarheimili HSU í Vestmannaeyjum og þar starfa 70 manns.

Best við vinnustaðinn?

„Ég elska starfið mitt með íbúum Hraunbúða. Það er líklega ekki til vinna þar sem þú finnur svona mikla ánægju skjólstæðinga og þakklæti fyrir störf þín.”

Best við Eyjar?

„Að búa í Eyjum er algjörlega frábært. Þetta er yndislegt samfélag þar sem við styðjum hvort annað þegar á móti blæis. Yndislega náttúrufegurðin, nálægðin við sjóinn og stuttar vegalengdir eru klárlega helstu kostir þess að búa hér.”

Fjölskylduhagir?

„Ég er gift Hirti Kristjánssyni lækni, sem einnig starfar hjá HSU. Ég á fjögur börn: Skæring Óla, Sigrúni Gyðu, Thelmu Lind og Aron Huga, sem við Hjörtur eigum saman. Að auki átti hann fyrir þrjá drengi: Kristján Helga, Hjört Ara og Helga Björn. Þess utan eigum við tvær stjúpdætur úr fyrri hjónaböndum, Krístrúnu Heiðu og Helgu. Barnabörnin eru orðin tíu. Svo sannarlega mikið ríkidæmi sem við eigum!”

Lífið eftir vinnu?

„Helstu áhugamál að afloknum vinnudegi eru auðvitað samverstundir með fjölskyldu og gönguferðir með hundinum okkar Plútó. Ég elska að hreyfa mig og stunda til dæmis lyftingar í frábærum kvennahópi ásamt því að ég reyni að komast í jóga tíma þegar ég get eða er ekki sjálf að kenna. Síðan er ég mikill bókaormur og hreinlega elska að lesa. Tek það langt fram yfir sjónvarp og samfélagsmiðla!”

Draumastarfið?

„Draumastarfið væri held ég að vera jógakennari á einhverjum hlýjum og notalegum stað í heiminum.” ■

Starfsemi HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi, Laugarási, Rangárþingi (Hellu og Hvolsvelli), Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði.

Einnig eru starfrækt tvö sjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Á Höfn í Hornafirði eru einnig nokkur bráðarými. Að auki eru hjúkrunar- og hvíldarrými rekin á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn. Á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt lækni fyrir neyðartilfalli. Þá annast stofnunin alla sjúkraflutninga á svæðinu. Hjá stofnuninni starfa um 836 manns að jafnaði í 593 stöðugildum.

Heilsugæslustöðvar

Á öllum heilsugæslustöðvum er veitt grunnþjónusta með áherslu á forvarnir og fræðslu. Þar er móttaka skjólstæðinga, bráða- og slysaþjónusta, vaktþjónusta, skólaheilsugæsla, heimahjúkrun, mæðra- og ungbarnavernd, hjúkrunar- og sálfræðiþjónusta. Heilsugæslan veitir fjölbreytta þjónustu lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta, ásamt móttöku sérfræðinga. Að auki sinnir heilsugæslan á Selfossi lækni- og hjúkrunarþjónustu á Litla-Hrauni.

Lyflækninga- og sjúkradeildir

Á Selfossi er veitt bráðaðþjónusta í lyflækningum og þar er 18 rúma almenn lyflækningadeild. Haustið 2020 bættust við deildina fjögur líknarrými. Í Vestmannaeyjum er starfrækt 12 rúma sjúkradeild (legudeild) fyrir almenna sjúkrahúsþjónustu.

Bráðamóttaka á Selfossi

Bráðamóttaka með sólarhringsopnun er á Selfossi og hefur tvö skammverurými. Bráðamóttakan sinnir afar víðfeðmu svæði, allt frá Hellisheiði að Lónsheiði. Á deildina koma íslenskir og erlendir ferðamenn og sá mikli fjöldi fólks sem býr og dvelur í sumarhúabyggðum í nágrenni við Selfoss og í uppsveitum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Bráðalyflækningadeild

Ný 8 rúma eining, bráðalyflækningadeild, tók til starfa í ágúst 2025. Hún er hugsuð fyrir skjólstæðinga sem leita á bráðamóttöku HSU á Selfossi, en þurfa skamma innlögn (2–3 daga) til dæmis vegna sýklalyfjagjafar í æð. Ef skjólstæðingar ná ekki þökkalegri heilsu á þeim tíma og reynast ófærir til útskriftar er hugað að innlögn á legudeild. Bráðalyflækningadeildin er skammtímaúrræði til að létta álagi af bráðamóttöku, legudeild og heimahjúkrun.

Hjúkrunardeildir

Á Selfossi eru samtals 100 hjúkrunnarrými og 2 hvíldarrými á hjúkrunardeildunum, Foss- og Ljósheimum og Móbergi. Í Vestmannaeyjum eru samtals 39 hjúkrunnarrými, ásamt 3 dvalarrýmum og 2 hvíldarrýmum á sjúkradeildinni í Vestmannaeyjum og hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum. Á öllum deildum er veitt meðferð til að efla og uppfylla andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir. Einnig er reynt að færa tilbreytingu inn í daglegar athafnir, efla tómstundastarf og veita fræðslu.

Ljósmeðravaktir

Á Selfossi og í Vestmannaeyjum er ljósmeðrastýrð fæðingarþjónusta. Ljósmeður HSU sinna einnig konum með meðgöngu-tengd vandamál sem þurfa stutta innlögn eða göngudeildarþjónustu. Allri mæðravernd á Selfossi og í Vestmannaeyjum er sinnt af ljósmeðravaktinni. Auk þess sinna ljósmeður á HSU allri mæðravernd á öllum heilsugæslustöðvum HSU á Suðurlandi.

Göngudeildir lyflækninga

Á Selfossi er rekin göngudeild lyflækninga alla virka daga og í Vestmannaeyjum tvisvar í viku fyrir sérhæfðar lyfjagjafir. Á göngudeild koma skjólstæðingar í blóðskilun, blóð- eða lyfjagjöf og vegna sjúkdóma eins og meltingarfæra-, húð-, tauga-, gigtar- og blóðsjúkdóma og krabbameina. Göngudeildir hjartasjúkdóma eru á báðum stöðum, þar sem gerð eru álagspróf og sólarhringsmælingar á hjartslætti og blóðþrýstingi.


Sjúkraflutningar

Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga HSU er á Selfossi, en alls eru starfsstöðvarnar 6 talsins og sinna saman víðfeðmasta svæði landsins, allt frá Hellisheiði austur í Lónsheiði. Undir þá falla fjölförnu ferðamannastaðirnir á svæðinu, uppsveitir í Árnes- og Rangárvallasýslum og austur í Örfæsasveit, auk hálendisvæða.


Aðrar deildir

Sjúkra- og iðjupjálfarar og hreyfistjóri eru starfandi við HSU. Rannsóknastofur og myndgreiningadeildir eru á Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði og sinna öllum deildum HSU ásamt hjúkrunar- og dvalarheimilum og heilsustofnunum á svæðinu. Skrifstofa og yfirstjórn HSU hefur aðsetur á Selfossi. Heilbrigðisgagnafræðingar vinna á Selfossi og í Vestmannaeyjum og móttökuritarar starfa á öllum stöðvum. ■

Fjöldi samskipta í heilsugæslu




Heimahjúkrun




ÁRÍÐ 2024 Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



Komur á BMT Selfossi



Fjöldi sjúkraflutninga




ÁRÍÐ 2024 Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



Legudagafjöldi í sjúkrarýmum


Selfoss Vestmannaeyjar



Samtala innlagnadaga sjúklinga á deildum.

Meðalegutími í sjúkrarýmum


Selfoss Vestmannaeyjar




Meðallegutími hvers sjúklings mældur í dögum.

Sjúkrarúmanýting

Selfoss Vestmannaeyjar






Þjónustustig á starfsstöðvum




Skýringar á þjónustutáknum



Sálfræðiþjónusta



Þjónusta geðheilsuteymis



ÁRIÐ 2024 Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



Hjá HSU störfuðu um 836 einstaklingar árið 2024 og skiptust niður í eftirtalin ársverk:

146,9	ársverk við aðhlýnningu	19,1	ársverk við myndgreiningu og rannsókn
143,5	ársverk hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra	20,4	ársverk nema
78,8	ársverk sjúkraliða	18,7	ársverk við innkaup, stjórnunar- og skrifstofustörf
44,7	ársverk sjúkraflutningamanna	17,7	ársverk við eldhússtörf
37,6	ársverk lækna og sérfræðinga	9,9	ársverk geðheilsuteymis og sálfræðinga
30,0	ársverk móttökuritari og heilbrigðisgagnafræðinga	9,9	ársverk við endurhæfingu
		16,2	ársverk við umsjón fasteigna

Gjafir til HSU 2024

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er einstaklega lánsöm þegar kemur að góðvild í hennar garð. Á hverju ári færa velunnarar HSU stofnuninni fjölda gjafa í formi tækja og/eða peningagjafa til tækjakaupa. Að njóta slíkrar góðvildar frá einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum er mikilvægt fyrir starfsemiina. Árið 2024 var engin undantekning frá fyrri árum og fékk stofnunin þá enn á ný að njóta einstakrar gjafmildi bæði fólks og félagasamtaka. Það er starfsfólki og skjólstæðingum HSU ómetanlegt að upplifa þessa væntumþykju.

Starfsfólk HSU færir baklandi sínu og velunnurum hjartans þakkir fyrir góðar gjafir og hlýjan hug.

Hjartað í HSU



Hjartað í HSU er fréttapóstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og gefinn út af stofnuninni.
Ábm: Dána Óskarsdóttir

Fylgstu með Heilbrigðisstofnun Suðurlands á vef og samfélagsmiðlum:

-  www.hsu.is (vefur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Facebook](#)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Instagram](#)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á LinkedIn](#)



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS